

frænd-i *kk – nemandi*
[-a, -ur]

– er þetta frændi þinn?

‡ « frænka

safn-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– ég er að safna frímerkjum

‡

bygg-ja *so vb-i – heyra*
[-ði]

– þau eru að byggja hús

‡ • bygging, byggð » reisa, smíða; búa

ákveðin-n *lo – gulur B S*
[-, ákveðið; ákveðnari, ákveðnastur]

– hann er ákveðinn í að læra
íslensku

‡ • ákveða, ákvörðun

auð-ur *lo – gulur*
[-, autt; -ari, -astur]

– blaðið þitt er ennþá autt!

‡ auðr • eyðileggja

bjarg-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– reynt verður að bjarga skipinu

‡ • berg » forða

reynsl-a *kv – stofa*
[-u, -ur]

– óskum eftir starfsmanni með
reynslu í tölvuforritun

‡ • reyna, reyndar, staðreynd; raun, tilraun

frænk-a *kv – stofa*
[-u, -ur]

– frænka mín vann keppnina

‡ « frændi

læs-a *so vb-i – heyra*
[-ti]

– þú verður að læsa bílnum

‡ » loka

dagblað *hk – hús Ö*
[-s, dagblöð]

– hún les alltaf dagblaðin á
morgnana

‡ • dagur, blað

hníf-ur *kk – hestur*
[-s, -ar]

– þetta er beittur hnífur

‡ knífr

disk-ur *kk – hestur*
[-s, -ar]

– viltu setja diska á borðið?
– áttu nýja diskinn með Björk?

‡ diskur

gaffal-l *kk – hestur B S*
[-s, gafflar]

– mig vantar gaffal og skeið

‡

faðm-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– hann faðmaði barnið að sér

‡

kort *hk – hús*
[-s, -]

– sendu mér kort frá Spáni!
– ég kaupi kort af Reykjavík

‡

reyk-ja *so vb-i – heyra*
[-ti]

– má reykja hér?

‡